



7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

TILLAGA VEGNA FJÖLGUNAR LEIÐBEINENDA

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17. - 18. maí 2018 lýsir yfir miklum áhyggjum á mikilli fjölgun leiðbeinenda í grunnskólum landsins. Í dag eru starfandi á fimmta hundrað leiðbeinendur í skólum landsins og ljóst er að fjölmargir nemendur fá ekki kennslu frá sérfræðingi með leyfisbréf á grunnskólastigi.

Þessi mikli fjöldi leiðbeinenda skapar sífellt meira álag á starfandi kennara sem þurfa að nota hluta tíma síns í að aðstoða leiðbeinendur. Aðalfundur FG telur mikilvægt að bregðast við þessu því ekki er hægt að ætlast til að kennarinn bæti því álagi á sig án greiðslu fyrir þetta viðbótarverkefni.

Markvissasta leiðin til að ekki þurfi að ráða leiðbeinendur til starfa er að gera laun félagsmanna FG samkeppnishæf við laun á almennum vinnumarkaði. Það væri í samræmi við loforð stjórnvalda við setningu laga um breytingar á lífeyrisréttindum, þar sem lýst var fyrirætlun um jöfnun launa á milli vinnumarkaða.

Ein leið til að koma í veg fyrir fjölgun leiðbeinenda í grunnskólum er að efla samstarf milli Heimilis og skóla og FG. Með því móti er einfaldara að fá foreldra til að beita sér sem þrýstiafl með því að krefjast upplýsinga um hvort grunnskólakennari sjái um menntun barna þeirra.